



Reykjavík 25. mars 2024

Efni: Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna um minnisvarða fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis

Stígamót þakka fyrir tækifæri til að veita umsögn um tillögu um samkeppni um minnisvarða um #Metoo og vill koma eftirfarandi vangaveltum á framfæri:

Í fyrsta lagi er kominn tími til að einblína á gerendur í ofbeldismálum en ekki þolendur því án gerenda væri ekkert ofbeldi til en síðustu ár og áratugi hefur kastljósið stöðugt verið á brotapolum. Við upprætum ekki ofbeldi fyrr en við beinum kastljósinu að þeim sem beita ofbeldinu frekar en þeim sem verða fyrir því.

Það sem hefur verið kallað #metoo bylgjan átti sér lengri aðdraganda hér á landi enda voru ýmsar samfélagsmiðlabylgjur á undan svo sem #höfumhátt, Beauty tips-byltingin, Free the nipple, Drusluganga o.s.frv. #metoo kom síðar en ef við ætlum að nefna allar þessar bylgjur því nafni þá þarf líka að athuga að sú bylgja eða bylting er enn í gangi. Brotapolar eru enn að berjast við gerendameðvirkni, í íþróttafélögum, fjölmiðlum, vinnumarkaði, stjórnámálum, menntakerfi og samfélagsumræðu. Upprisu brotapola er ekki lokið og ekkert bendir til þess að kynbundið og kynferðislegt ofbeldi sé á undanhaldi – því miður.

Við erum í miðjum storminum í baráttu gegn ofbeldi og ofbeldismenningu og sárlega vantar fjármagn í forvarnaraðgerðir, fræðslu og menntun sem beinist að gerendum eða hugsanlegum gerendum. Ef bornir eru saman fjármunir sem fara til dæmis í íþróttastarf sem hluti forvarna og þeir fjármunir sem fara í ofbeldisforvarnir erum við komin aðeins hænuskref áfram. Jafnréttisskóli Reykjavíkurborgar og samstarf hans við meðal annars Stígamót er flaggskip forvarna á Íslandi en skólinn er vanfjármagnaður miðað við ört vaxandi verkefni síðustu ára.

Það er ekki tímabært að lýsa yfir endalokum #metoo eða reisa minnisvarða um eitthvað sem var þegar staðan er ekki mikið skárri nú en fyrir bylgjurnar. Umræðan hefur vissulega breyst en ofbeldið virðist ekki á undanhaldi og meira að segja eru vísbendingar um bakslag í baráttunni.

Það þarf því að nálgast svona verkefni sem forvarnarmál og ef reisa á eitthvað merki eða tákn þarf það að vera hluti af forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi og virkt sem slíkt og beinast gegn gerendum en ekki að brotapolum. Ef hugmyndin er einungis táknmynd þá er betra að verja fjármunum í forvarnir.

Virðingafyllst,

Drífa Snædal, talskona Stígamóta